

389.mál 132 löggjafarþing

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum fagnar frumvarpi þessu og vonar að það fái góða og ýtarlega umfjöllun í nefndinni.

Það sækist enginn eftir því að þurfa að leggja niður vinnu. Foreldrar alvarlega veikra barna hafa ekki neitt val þegar börn þeirra greinast með alvarlega sjúkdóma. Það hefur ekki verið þjóðinni til sóma hvernig þessi málaflokkur hefur fengið að sitja á hakanum hjá íslenskum stjórnvöldum. Að foreldrar skuli þurfa að missa eitur sínar vegna veikinda barna sinna, þar sem þeir hafa ekki tök á að afla sér tekna, er með öllu ólíðandi. Eins og fram kemur á fylgiskjali með frumvarpinu er áætlað að foreldrar 30 til 40 barna geti átt rétt á greiðslu í allt að níu mánuði. Í þeim hópi má gera ráð fyrir að einhverjir foreldrar komist ekki aftur út á vinnumarkaðinn að þessum níu mánuðum liðnum og jafnvel ekki fyrr en að nokkrum árum liðnum. Því þyrfti að vera heimild í þessum lögum til að framlengja þennan rétt eins og þurfa þykir í alvarlegustu tilfellunum. Þeir foreldrar sem sannanlega hafa ekki getað stundað atvinnu vegna veikinda barna sinna síðustu árin ættu einnig að öðlast þessi réttindi.

Félagið gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar í frumvarpinu

5. gr.

Samkvæmt athugasemdum við 5 gr. er stefnt að því að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laga þessara. Umhyggja telur að heppilegra væri að Tryggingastofnun ríkisins annaðist framkvæmd þessa. Sú stofnun hefur víðtæka reynslu í að meta á grundvelli vottorða sérfræðinga þeirra greiningar- og meðferðastofnana sem veita börnunum þjónustu og annarra viðeigandi gagna um aðstæður allar hvort foreldrar uppfylli skilyrði til greiðslna s.s. umönnunargreiðslur. Það er mjög líklegt að stofnunin hafi nú þegar eða muni þurfa ýmsar upplýsingar um börnin í tengslum við umönnunargreiðslur. Einnig er þetta mikið hagræði fyrir foreldra að geta sótt þennan rétt á sama stað og umönnunargreiðslur. Félagið telur að Vinnumálastofnun hafi ekki jafn góðar forsendur til að afgreiða þessi mál

9. gr.

Eðlilegt er að bætur þessar séu að lágmarki ekki lægri en bætur vegna atvinnuleysis af öðrum toga. Reynsla af því að slíta á tengsl launa og örorkubóta er ekki með þeim hætti að það auki fólki trú á þá aðferð að eftirláta stjórnámálönnum einum að ákveða hækkun bótaupphæða í framtíðinni. Því er það sjálfsgöð krafa að þessar greiðslur fylgi launavísitölu. Það er einnig umhugsunarefni hvort þjóðfélagið líti það sömu augum, það að þurfa að leggja niður störf til að annast alvarlega veikt eða fatlað og jafnvel dauðvona barn sitt og því að vera atvinnulaus. Spurning er því hvort þessar greiðslur ættu ekki að virka á sama hátt og fæðingarorlofsgreiðslur þ.e. 80% af launum. Umhyggja sér engan mun á því að annast nýfætt barn eða alvarlega veikt barn.

19 gr.

Að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2008 er með öllu ástæðulaust. Ástæðan fyrir gildistöku laganna í áföngum virðist aðeins vera fjárhagsleg. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis kemur fram að kostnaður vegna laganna fyrir árið 2008 þegar lögin hafa að fullu tekið gildi sé áætlaður 130

milljónir. Vart er það ofvaxið greiðslugetu ríkissjóðs að reiða fram slíkar greiðslur þegar á þessu ári. Með því að viðhafa það fyrirkomulag sem hér er lagt til, þ.e. að lögin taki gildi í áföngum, skapast óeðlileg mismunun. Ef barn greinist í desember 2006 fást greiðslur í einn mánuð en ef það greinist mánuði seinna fást greiðslur fyrir tvo mánuði. Þetta finnst félaginu með öllu óásættanlegt. Það minnsta sem þjóðfélagið getur gert fyrir þessar fjölskyldur er að lögin öðlist fullt gildi í einu skrefi.

F.h Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum

Ragna Marinósdóttir  
framkvæmdastjóri Umhyggju